



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Tillaga um breytingu á framlagi til KFUM og KFUK vegna leikskólans Vinagarðs

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. maí 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. maí 2023, umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. febrúar 2023 og bréfi leikskólastjóra Vinagarðs, dags. 9. janúar 2023:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 11. maí 2023, að viðmið um hámarksfjölda reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna til KFUM og KFUK vegna leikskólans Vinagarðs verði breytt með þeim hætti að heimilt verði að greiða framlag vegna 97 barna með lögheimili í Reykjavík á aldrinum 12 mánaða til sex ára þar af 9 barna á aldrinum 12-18 mánaða í húsnæðinu að Holtavegi 28 í Reykjavík. Þannig yrði heimilt að greiða framlag vegna 88 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára í stað 86 barna líkt og nógildandi samningur gerir ráð fyrir. Breytingin taki gildi 1. júní 2023. Vegna þessa er sviðsstjóra falið að gera viðauka við nógildandi samning við KFUM og KFUK vegna leikskólans Vinagarðs sem gildi til 31. desember 2023.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað, dags. 11.maí 2023

Umsögn FAS, dags. 18. febrúar 2023

Bréf Vinagarðs, dags. 9. janúar 2023

Reykjavík, 11. maí 2023

SFS23010038

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Umsókn KFUM og KFUK varðandi aukið framlag

I. Umsókn KFUM og KFUK

Þann 9. janúar 2023 barst umsókn frá KFUM og KFUK, kt. 590176-0369, vegna sjálfstætt starfandi leikskólans Vinagarðs, Holtavegi 28 í Reykjavík, um aukið framlag til leikskólans vegna fjölgunar tveggja barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Þannig yrði heimilt að greiða framlag vegna 88 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára í stað 86 barna líkt og núgildandi samningur gerir ráð fyrir.

Fram kemur í umsókninni að undanfarin ár hafi heimild fyrir yngri börnin ekki verið nýtt sem nokkru nemur vegna fjölda barna eldri en 18 mánaða á biðlista. Alla jafna hafi verið 4-5 börn úr öðrum sveitarfélögum í leikskólanum Vinagarði á hverjum tíma. Í haust hafi verið 86 börn úr Reykjavík og 4 börn úr nágrennasveitarfélögum, alls 90 börn. Samtals eru tvö laus pláss svo leikskólinn gæti verið með 91 barn 18 mánaða og eldra. Leikskólinn býður því Reykjavíkurborg að nýta þessi tvö pláss fyrir reykvísk börn, að minnsta kosti út núverandi samningstíma, þ.e. 31. desember 2023 og þannig hafa aðgang að 88 plássum í stað 86.

Samkvæmt rekstrarleyfi, dags. 27. ágúst 2020, hefur leikskólinn heimild til að reka leikskóla fyrir allt að 98 börn á aldrinum 12 mánaða til 6 ára, þar af 9 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða í húsnæðinu að Holtavegi 28 í Reykjavík.

Framangreind fjölgun rúmast því innan núgildandi rekstrarleyfis leikskólans.

Í desember 2022 greiddi Reykjavíkurborg framlag vegna 87 reykvískra barna í Vinagarði.

Í dag er í gildi samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 12 mánaða til 18 mánaða, dags. 31. ágúst 2020 en þar er kveðið á um að fjöldi barna sem greitt er framlag vegna samkvæmt samningnum sé að hámarki 9 nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn.

Jafnframt er í gildi samningur um framlag skóla- og frístundasviðs til sjálfstætt starfandi leikskóla fyrir börn frá 18 mánaða til 6 ára, dags. 18. mars 2019. Þar er kveðið á um að fjöldi barna sem greitt er framlag vegna samkvæmt samningnum sé að hámarki 86 nema rekstrarleyfi leikskólans kveði á um færri börn.

Báðir samningar gilda, samkvæmt viðaukum, dags. 16. desember 2022, til 31. desember 2023.

Samningarnir hafa verið túlkaðir með þeim hætti að heildarfjöldi barna sem heimilt er að greiða framlag vegna á aldrinum 18 mánaða til sex ára sé samanlagður fjöldi barna samkvæmt samningi vegna barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára og samkvæmt samningi um ungbarnadeild 12 til 18 mánaða. Hinsvegar geti fjöldi barna á aldrinum 12 til 18 mánaða ekki verið umfram þann fjölda sem tilgreindur er í samningi vegna ungbarnadeildar. Þannig munu greiðslur framlags ekki falla niður þegar börn ná 18 mánaða aldri á þeim grundvelli einum að heimild til greiðslu framlags vegna tilgreinds fjölda á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, sé fullnýttur. Hins vegar breytist framlagið til samræmis við það með þeim hætti að greitt verður með þeim börnum til samræmis við framlög vegna eldri barna.

II. Upplýsingar um fjárhagsleg áhrif

Ef miðað er við 8 klst. vistun í einn mánuð er rekstrarframlag og húsnæðisframlag kr. 306.000,- pr. mánuð. Á árgrunvelli m.v. tvö börn og greiðslur í ellefu mánuði er viðbótarkostnaður skóla- og frístundasviðs kr. 6.732.000,-

Fyrir liggur umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 18. febrúar 2023.

III. Umsögn skóla- og frístundasviðs

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er gerð tillaga um að greitt verði framlag vegna 88 reykvískra barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára í stað 86 barna á aldrinum 18 mánaða til sex ára. Þannig verði heimilt að greiða framlag vegna 97 reykvískra barna á aldrinum 12 mánaða til sex ára, þar af 9 barna á aldrinum 12-18 mánaða.

Verði breyting á framlagi samþykkt, er lagt er til að gerður verði viðauki við samning Reykjavíkurborgar og KFUM og KFUK, kt. 590176-0369, dags. 18. mars 2019 til samræmis við framangreint sem gildi til 31. desember 2023 sbr. samþykkt borgarráðs þann 1. desember 2022, um framlengdan gildistíma samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla.

Tryggt verði að þrátt fyrir framangreinda breytingu verði fylgt kennitöluröð við innritun í leikskólann með þeim hætti að elstu börnin verði innrituð fyrst sbr. 7. mgr. gr. 1.a í reglum Reykjavíkurborgar um leikskólalþjónustu og 5. mgr. 1. gr. samninga SFS og Hjallastefnunnar ehf.

Verði tillagan samþykkt verður óskað eftir viðauka við fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Áætlana- og uppgjörsskrifstofa

Efni: Tillaga um hækkun viðmiða um fjölda reykvískra barna í leikskólanum Vinagarði

Umsögn

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu um aukið framlag til leikskólans Vinagarðs. Tillagan felur í sér að heimilt verði að greiða framlag vegna 88 barna á aldrinum 18 mánaða til 6 ára í stað 86 líkt og núverandi samningur gerir ráð.

Með tillögunni fylgir kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs þar sem gert er ráð fyrir að rekstrar- og húsnæðisframlag fyrir 8 klst. vistun í einn mánuð nemi 306 þ.kr. Viðbótarkostnaður á ársgrundvelli m.v. 2 börn er því 6,7 m.kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt kostnaðarmatið og gerir ekki athugasemdir við það.

Halldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík 9.1.2023

Til: Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Um: Fjölgun plássá fyrir reykvísk börn úr 86 í 88

Leikskólinn Vinagarður er sjálfstætt starfandi leikskóli með saming við Reykjavíkurborg um 86 pláss fyrir börn 18 mánaða og eldri auk þess sem heimild er fyrir 9 börn 12-18 mánaða svo hámarksfjöldi reykvískra barna sem heimilt er að greiða framlag vegna er 95. Undanfarin ár hefur heimild fyrir yngri börnin ekki verið nýtt sem nokkru nemur vegna fjölda barna eldri en 18 mánaða á biðlista.

Alla jafna hafa verið 4-5 börn úr öðrum sveitarfélögum í leikskólanum Vinagarði á hverjum tíma og í haust fórum við af stað með 86 börn úr Reykjavík og 4 úr nágrennasveitarfélögum, alls 90 börn.

Um áramótin 2022/2023 hætti barn úr nágrennasveitarfélagi og við tilfærslu sem varð vegna þess var hægt að bæta við öðru plássi á yngstu deild skólans, samtals tvö laus pláss svo skólinn gæti verið með 91 barn 18 mánaða og eldra.

Því viljum við bjóða Reykjavíkurborg að nýta þessi tvö pláss fyrir reykvísk börn, að minnsta kosti út núverandi samningstíma sem er til áramóta 2023/2024 og þannig hafa aðgang að 88 plássum í stað 86.

Bestu kveðjur,

A handwritten signature in red ink, reading 'Hildur B. Svavarsdóttir', written over a horizontal line.

Hildur Björk Svavarsdóttir

Leikskólastjóri Vinagarði